

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 26. febrúar 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 35/148

Mætt

| | |
|--------------|--|
| Fundarstjóri | Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR) |
| Fundarritari | Baldur Karl Magnússon (BKM) |
| Þingmenn | Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JÞÓ) Smári McCarthy (SMC) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ) |

Fundargerð

1. Þingstörfin framundan

Mánudaginn 26. febrúar

Óundirbúinn fyrirspurnatími. HM mun ræða við félags- og jafnréttisráðherra.

BLG og JÞÓ munu taka þátt í sérstakri umræðu um lestrarvanda og aðgerðir til að sporna gegn honum. Þingvakt skipulögð.

Þriðjudaginn 27. febrúar

ÞSÆ, HHG, HM og JÞÓ hafa óskað eftir að taka til máls í störfum þingsins.

Miðvikudaginn 28. febrúar

SMC, BLG, HHG og JÞÓ óska eftir að taka til máls í störfum þingsins.

2. Bréf þingflokksformanns

Bréf HHG frá þingflokksformannafundi. Rætt um skipulag nefndarviks. Rætt um skipulag í störfum þingsins. Rætt um skipanir í nefndir og ráð. Rætt um umræður í Silfrinu og framhald af þeim.

3. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir störfum sínum í fastanefndum og forsætisnefnd.

4. Nefndir, stjórnir og ráð

Þingflokkur Pírata mun líkast til tilnefna fulltrúa í stjórnir ISAVIA, RARIK og Orkubús Vestfjarða. Lagðar fram tillögur í þessar þrjár stjórnir og þær samþykktar með öllum atkvæðum. Tilnefningarnar eru bundnar trúnaði þangað til viðkomandi ráðherrar hafa skipað í stjórnirnar.

5. Stjórnarskrármál

Bréf frá HHG og umræður. Bréf frá fundi stjórnarskrárnefndar. Rætt um framgöngu vinnunnar. Rætt um sérfræðinganefndina og skipan í hana.

6. Innra starf Pírata

Dagskrárlið frestað.

7. Starfsfólk fyrir þingflokk Pírata

Dagskrárlið frestað.

8. Önnur mál

- *Trúnaðarmál*

Dagskrárliðurinn er bundinn trúnaði sbr. 4. gr. þingflokksamþykktar um upplýsingaskyldu við grasrót.